

Starfsreglur nemendaráðs

Lög Nemendafélags Laugalandsskóla/starfsreglur nemendaráðs

1. grein

Félagið heitir Nemendafélag Laugalandsskóla

2. grein

Tilgangur Nemendafélags Laugalandsskóla er að efla félagslegan áhuga nemenda, stuðla að félagsstarfi í skólanum og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans.

3. grein

Í upphafi hvers skólaárs er kosið nemendaráð sem gegnir jafnframt hlutverki stjórnar Nemendafélags Laugalandsskóla út skólaárið. Í nemendaráði skulu sitja 6 fulltrúar, tveir úr hverjum bekk í 8.-10. bekk. Einnig er skipaður 1 varamaður úr hverjum bekk. Allir nemendur í 5. – 10. bekk kjósa fulltrúa í nemendaráð vetrarins.

4. grein

Sá fulltrúi 10. bekkjar sem flest atkvæði hlýtur er formaður ráðsins, sá sem hlýtur næst flest atkvæði í 10. bekk er varaformaður.

5. grein

Lög félagsins eru tekin til umfjöllunar á fyrsta formlega fundi nemendaráðs ár hvert. Allar breytingatillögur þurfa að fá samþykki skólastjórnenda.

6. grein

Nemendaráð getur haft með höndum sjoppurekstur og staðið fyrir atburðum og uppákomum til fjáröflunar. Ágóða sem verður til við slíkan rekstur skal fyrst og fremst varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna ferðalaga nemenda. Einnig má ánafna upphæð úr sjóðnum til kaupa á hverju því sem gagnast nemendum skólans, að veittu samþykki skólastjóra.

7. grein

Nemendaráð er tengiliður nemenda við skólayfirvöld og hefur yfirumsjón með félagsstarfi við skólann. Nemendur geta snúið sér til fulltrúa í nemendaráði til að koma málum á framfæri við skólastjórnendur og/eða skólaráð.

8. grein

Nemendaráð getur stofnsett nefndir til að annast ákveðin verkefni, t.d. ritnefnd, árshátíðarnefnd, sjoppunefnd og íþróttaráð. Nemendaráð tilnefnir formenn nefnda og velur fulltrúa í þær í samráði við nefndaformenn.

9. grein

Nemendaráð er í samstarfi við nemendafélög Helluskóla og Hvolsskóla um félagsstarf. Hver þessara þriggja skóla heldur eina sameiginlega hátíð á hverjum vetri, þ.e. íþróttahátíð, listahátíð og árshátíð. Auk þess halda skólarnir sameiginlegt haustball.

10. grein

Nemendaráð kemur að jafnaði saman til fundar einu sinni í viku. Fulltrúar bera upp mál til umfjöllunar. Einfaldur meirihluti nægir til þess að samþykkja mál innan nemendaráðs.

11. grein

Ef fulltrúi í nemendaráði sinnir störfum sínum illa, er öðrum nemendum slæm fyrirmynd í hegðun sinni og tali eða gerir sig brotlegan við skólareglur má gera viðkomandi brottrækan úr stjórn nemendafélagsins og varamaður viðkomandi tekur við í hans stað. Slík ákvörðun er ávalt tekin í samráði við skólastjóra.

Svo samþykkt þann 10. september 2024

Skólastjóri

Formaður nemendarás